

A 1751/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu um fjármögnun Norrænnar kvikmyndanefndar**Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð ákveði að vinna ekki frekar með tillöguna.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði hefur lagt fram þingmannatillögu sem eftir fyrstu umræðu í nefndinni felur í sér að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún íhugi hvernig, á sanngjörnum kjörum og í samstarfi við starfsgreinina, hægt sé að laða fleiri alþjóðleg kvikmyndaverkefni til Norðurlanda, til dæmis með því að setja á fót Norræna kvikmyndanefnd.

Í þingmannatillögunni kemur fram eftirfarandi rökstuðningur:

Kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein um allan heim. Með fjárfestingum í kvikmyndagerð er hægt að auka ferðamennsku á Norðurlöndum. Náttúrufegurð og einstök birta Norðurlanda gera þau einkar eftirsóknarverð fyrir alþjóðlega kvikmyndagerð. Öryggi ríkir í okkar heimshluta og enskukunnátta fólks er góð. Velferðarlíkanið er einnig öflugt vörumerki.

Á Norðurlöndum starfa hugmyndaríkir leikstjórar og þekktar norrænar myndir eru til að mynda Brúin (*Bron*), Wallander, Maður án fortíðar (*Mies Vailla Menneisyttä*) og Skam. Með því að þróa hæfileika efnilegs fólks á staðnum og skapa því vinnu tryggjum við lifandi kvikmyndagerð í Skandinavíu. Kvikmyndir eru öflug samskiptaleið sem höfðar til margra, skapar sjálfmynd og byggir upp vörumerki sem hefur jákvæð áhrif. Markmið okkar er að laða að alþjóðlegt kvikmyndagerðarfólk til Norðurlanda. Á undanförunum árum hefur Norðurlandaráð lagt áherslu á ferðamennsku og þau sóknarfæri sem þar verða fundin. Það væri eðlilegt skref fyrir Norðurlandaráð að fjárfesta í Norrænni kvikmyndanefnd í því skyni að auka sjálfbæra ferðamennsku á Norðurlöndum. Þegar einstök náttúra Norðurlanda birtist í kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröðum um allan heim hefur hún sömu áhrif og norrænt auglýsingaskilti sem vekur áhuga erlendra ferðamanna á svæðinu.



Tólf kvikmyndanefndir á Norðurlöndum starfa nú saman að því að markaðssetja Skandinavíu/Norðurlönd sem hentugasta tökustað kvikmynda í heimi. Unnið er í samstarfsnetinu Scandinavian Locations, sem rekið er af sjálfboðaliðum. Víðast hvar á Norðurlöndum er unnið að innlendum kvikmyndaverkefnum sem tengja saman innlenda og erlenda kvikmyndagerð. Töluverð alþjóðleg samkeppni er um að bjóða upp á tökustaði fyrir stór kvikmyndaverkefni. Með formlegra samstarfi gætu Norðurlöndin bætt samkeppnisstöðu sína.

Flokkahópur jafnaðarmanna telur að kvikmyndagerð sé mikilvægt forgangsverkefni sem geti skapað nýja starfsemi, atvinnu og velmegun, en einnig stuðlað að framþróun norræna vörumerkisins. Kvikmyndagerðin mun einnig hafa gagnleg áhrif á allar aðrar atvinnugreinar sem eru í örum vexti, þar á meðal ferðaþjónustu.

Sjónarmið nefndarinnar

Aðilar sem í sjálfboðamennsku og endurgjaldslaust reyna nú þegar að laða fleiri kvikmyndaverkefni/upptökur til Norðurlanda hafa áður leitað til nefndarinnar. Meðal þess sem þeir telja ábótavant er skortur á skrifstofu með launuðu starfsfólki sem til lengdar vinnur stefnufast að málinu og sú staðreynd að norrænu löndin bítast um kvikmyndaverkefni/upptökur og beita til þess mismunandi hvata- og styrkjakerfum.

HUGSANLEGA er ávinningur fólgin í samstarfi Norðurlanda um að laða hingað fleiri slík verkefni, ýmist af ástæðum sem varða ferðamennsku, byggðamál eða atvinnulíf og vinnumarkað, en menn þurfa að gera skýrari grein fyrir virðisaukanum sem af því hlýst. Hverja viljum við laða til Norðurlanda og hvers vegna? Hvenær eru löndin í samkeppni og hvenær er það jákvætt? Er eðlilegt að markaðssetja Norðurlönd út á við í sameiningu en bjóða svo kvikmyndafyrirtækjunum upp á mismunandi kosti og kjör, þ. á m. efnahagsleg, frá einu landi til annars, stundum frá einu svæði til annars?

Kvikmyndanefnd veitir venjulega erlendum framleiðslufyrirtækjum eftirfarandi þjónustu endurgjaldslaust:

- Val á tökustað
- Leyfi til kvikmyndatöku
- Tengsl við kvikmyndasjóði
- Koma á tengslum við samstarfsaðila á viðkomandi stað eða svæði
- Útvegum pakkaausna fyrir kvikmyndagerðarfólk vegna matvælaþjónustu, gistingar og tæknibúnaðar
- Með þátttöku í að koma á samstarfi milli kvikmyndaframleiðenda og efla viðskipti viðkomandi

Upprunaleg tillaga flokkahóps jafnaðarmanna gerði ráð fyrir að Norræna ráðherranefndin styddi Norræna kvikmyndanefnd með fjárframlagi sem næmi 4 milljónum danskra króna frá og með árinu 2019.

Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna var tekin til umræðu á janúarfundi Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar. Nefndin lýsti þá yfir stuðningi við hugmyndina um að stuðla að því að Norðurlönd löðuðu til sín fleiri alþjóðleg kvikmyndaverkefni en taldi að Norræna ráðherranefndin ætti ekki að styðja þess



háttar verkefni fjárhagslega. Í staðinn mætti draga úr afdráttarlausu orðalagi í nefndarálitinu og hvetja ráðherranefndina til að skoða hvernig megi laða fleiri alþjóðleg kvikmyndaverkefni til Norðurlanda á sanngjarnan hátt, t.d. með því að setja á fót Norræna kvikmyndanefnd.

Á fundi nefndarinnar í apríl ítrekaði flokkahópur jafnaðarmanna að hann vildi draga tilbaka þann hluta tillögunnar sem fjallar um fjármögnun og fella burt orðin „til dæmis“ í tillöguliðnum í drögunum að nefndaráliti. Flokkahópur hægrimanna lagði fram fyrirspurn og gagnrýndi tillöguna í heild. Talið var óskýrt hvort hinar tólf svæðisbundnu kvikmyndanefndir, sem þegar væru til, hefðu í raun og veru áhuga á samnorrænni nefnd og að hvað sem því liði þyrfti að senda þeim tillöguna til umsagnar fyrst. Flokkahópur hægrimanna lagði svo til að nefndin hefðist ekki frekar að í þessu máli. Farið var fram á atkvæðagreiðslu og var málið afgreitt með þeim hætti. Sjö fulltrúar greiddu atkvæði MEÐ nefndarálitinu sem var í samræmi við upprunalega tillögu flokkahóps jafnaðarmanna að viðbættum breytingum þess hóps, en átta greiddu atkvæði á MÓTI því að nefndin ynni frekar að þessu máli.

Ósló, 30. október 2018

Arto Pirttilahti (cent)

Katri Kulmuni (cent)

Mikael Staffas (Lib)

Nils Aage Jegstad (H)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Henrik Brodersen (DF)

Juho Eerola (saf)

Fyrirvari við álit nefndarinnar

Flokkahópur jafnaðarmanna lýsti fyrirvara um niðurstöðuna og lagði til að

Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún íhugi hvernig, á sanngjörnum kjörum og í samstarfi við starfsgreinina, hægt sé að laða fleiri alþjóðleg kvikmyndaverkefni til Norðurlanda, til dæmis með því að setja á fót Norræna kvikmyndanefnd.

Ósló, 30. október 2018

Orla Hav (S)

Ruth Mari Grung (A)

Pyry Niemi (S)

Ville Skinnari (sd)